

AUGLÝSING

um umferð á Bakkafirði, Skeggjastaðahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Skeggjastaðahreppi:

Biðskylda:

Biðskylda verði á eftirfarandi götum í kaupúninu á Bakkafirði, á gatnamótum þeirra við Hafnargötu, þannig að umferð eftir þeim vikur fyrir umferð um Hafnargötu: *Kötlunesvegi, Skólagötu, Bæjarási, Steinholti og Hraunstíg.*

Reglur þessar taka gildi þann 1. júní 2001.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 7. desember 2000.

Helgi Jenson fulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

„Kart“-braut í Reykjanesbæ.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 3. ágúst 2000 samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir „kart“-braut í Reykjanesbæ.

Deiliskipulagið nær til 9,2 ha svæðis á gatnamótum Reykjanesbrautar og Njarðvíkurvegur.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 8. desember 2000.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tölulíður sem orðast svo:

8. Öryggisvarsla, þ.e. eftirlit með verðmætum og starfsemi, utan venjulegs opnunartíma.